

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Lagt er til að börn í Staðahverfi í Grafarvogi haldi áfram að hafa forgang að plássum í leikskóla hverfisins (leikskóladeild), Bakka, og horfið verður frá áformum um að frá og með 1. janúar 2023 eigi börn í hverfinu að sækja leikskóla í öðru hverfi, leikskólanum Hamra.

Greinargerð:

Á síðasta kjörtímabili stóð þáverandi meirihluti borgarstjórnar fyrir því að loka grunnskóla Staðahverfis í Grafarvogi, Korpuskóla. Um nokkurt skeið hafa aðgerðir stjórnenda Reykjavíkurborgar borið keim af því að loka eigi einnig leikskólanum Bakka í Staðahverfi, t.d. hefur fyrirspurnum foreldra til stjórnenda Reykjavíkurborgar undanfarna mánuði um starfsmannaflóttu frá Bakka ekki verið svarað með fullnægjandi hætti. Hinn 29. ágúst sl. var haldinn fundur með foreldrum barna á Bakka en aðdragandinn að boðun þess fundar var sérkennilegur. Á fundinum sjálfum mátti skilja stjórnendur borgarinnar á þann veg að ætlunin væri að loka starfseminni fyrir börn í Staðahverfi og frá og með 1. janúar næstkomandi og þau yrðu að sækja leikskólann Hamra, skóla sem er í öðru hverfi í Grafarvogi.

Slík niðurstaða er óviðunandi og er því lagt til að börnin í hverfinu hafi áfram forgang að þeim leikskólaplássum sem í boði eru á hverjum tíma á Bakka.